

Sp.

215. Fyrirspurn

[151. mál]

til fjármálaráðherra um fylgirit með ríkisreikningi.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig skiptast eftirfarandi tveir liðir milli kynja (samkvæmt fjölda og fjárhæð) í fylgiriti með ríkisreikningi fyrir árið 1982:
 - a) föst yfirvinna
 - b) starfsmannabílar?
Sundurgreina skal þessar upplýsingar samkvæmt ráðuneytum og stofnunum, sé þess kostur.
2. a) Hverjar eru launagreiðslur, bifreiða-, risnu- og ferðakostnaður þeirra stofnana sem taldar eru upp í skýringum ríkisbókhalds í fylgiritinu, tl. 6?
 - b) Eru þessar stofnanir undanþegnar þeirri upplýsingaskyldu sem kveðið er á um í lögum nr. 31/1982, um breyting á lögum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, nr. 52/1966?

Skriflegt svar óskast.